

manna óskar þess. Til allra ákvarðana þarf samþykki meiri hluta stjórnarinnar á **114**
fundi, samanber þó ákvæði 11. greinar reglugerðar þessarar um atkvæðisrétt um **19. ágúst**
lánveitingar og ákvæði sérstakrar reglugerðar um afgreiðslu lánaumsókna.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skipar stofnuninni framkvæmdastjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Laun framkvæmdastjóra og þóknun til húsnæðismálastjórnar eru ákveðin af félagsmálaráðherra og greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar greiðist úr Byggingarsjóði ríkisins.

14. gr.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi framkvæmdastjórn stofnunarinnar í umboði húsnæðismálastjórnar. Hann ber ábyrgð á daglegum störfum í stofnuninni og að góð regla sé á öllum framkvæmdum hennar. Hann sér um undirbúning lánaumsókna í hendur húsnæðismálastjórnar og viðskipti hennar við veðdeild Landsbanka Íslands og umsækjendur í samráði við formann stjórnarinnar.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk til stofnunarinnar og segir því upp starfi, en félagsmálaráðherra ákveður tölu starfsfólksins og launakjör þess.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl., til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Péturs T. Oddssonar, prófasts að Hvammi í Dölum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- **115**
málaráðherra 1. september 1958. **1. sept.**

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Péturs T. Oddssonar, prófasts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Péturs T. Oddssonar, prófasts að Hvammi í Dölum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sóknarbornum og vinum séra Péturs í Dalaprófastsdæmi til að halda uppi minningu hans.

3. gr.

Eign sjóðsins er nú kr. 6748.16 og er geymd í sparisjóðsbók nr. 2289 í Sparisjóði Dalasýslu. Skal fé þetta jafnan ávaxtað á tryggilegan hátt.

115

1. sept.

4. gr.
Hlutverk sjóðsins er að styrkja starfsemi kirkjukóra í Dalaprófastsdæmi og efla á annan hátt iðkun söngs og tónlistar í héraðinu.

5. gr.

Vextir að aðrar tekjur skulu leggjast við höfuðstólinn, unz hann hefur náð kr. 20000. Eftir það má verja hæfilegum hluta af árstekjum sjóðsins skv. 4. gr., að mati sjóðsstjórnar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Prófastur Dalaprófastsdæmis, og er hann sjálfkjörinn formaður. Sóknarprestur í prófastsdæminu, valinn af héraðsfundi til 4 ára. Sá þriðji skal kjörinn af sýslunefnd Dalasýslu til 4 ára. Stjórnin annast sjóðinn og hefur á hendi úthlutun úr honum. Samþykktir sjóðsstjórnar skulu skráðar í gerðabók.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu færðir í gerðabók og endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga sýslusjóðs Dalasýslu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

116

12. sept.

REGLUGERÐ

um sölu áfengis og tóbaks til flugfarþega á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Sett skal á fót sölubúð á Keflavíkurflugvelli er selur áfengi, og aðrar þær vörur sem ráðherra ákveður til farþega og flugvélaáhafna, sem um völinn fara í milli-landaflogi.

2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins hefur með höndum og ber ábyrgð á rekstri sölubúðar þessarar undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Eftir að kaupanda hafa verið afhentar söluvörur, sbr. 9. gr., sér tollgæzlan um að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana, unz farþegar og áhöfn eru komnir um borð í flugvél þá, er flytur þá úr landi.

3. gr.

Áfengisverzlunin fær til umráða í gistihúsinu á Keflavíkurflugvelli húsnæði fyrir skrifstofu, sölubúð og birgðageymslu. Skal því þannig fyrir komið, að auðvelt sé að innsigla dyr og skal forstöðumaður útsölnunnar einn hafa lykla, bæði að sölubúð og birgðageymslu.

4. gr.

Áfengisverzlunin heldur nákvæma skrá um allt áfengi sem flutt er frá birgðageymslu hennar í Reykjavík í birgðageymsluna á flugvelliinum. Skal skráin þannig gerð að sjá megi glögglega hverjar tegundir áfengis eru þangað fluttar og hve mikið af hverri um sig. Þegar vörur eru sendar til frihafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, skal fylgja þeim nákvæm skýrsla, til tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur er um að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæzlan hafa eftirlit með því að tilgreindar vörur séu fluttar í birgðageymslu frihafnarinnar.